



Jafnlaunastefna Sveitarfélagsins Dalabyggðar

Sveitarfélagið Dalabyggð leggur áherslu á að veita íbúum sveitarfélagsins framúrskarandi þjónustu og sækist eftir að ráða til starfa metnaðarfulla og færa einstaklinga sem eru jákvæðir, faglegir og áreiðanlegir.

Launastefna sveitarfélagsins er mikilvægur hlekkur í að styðja við þau markmið. Jafnlaunastefnan er ennfremur launastefna Sveitarfélagsins Dalabyggðar.

Allar launaákvæðanir skulu vera gagnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar. Launaákvæðanir eru byggðar á kjarasamningum við hlutaðeigandi stéttarfélög. Laun taka mið af þeim kröfum sem starf gerir til starfsmanns og er stuðst við stigamat Starfsmats við mat á verðmæti starfa.

Markmið Dalabyggðar er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Jafnverðmæt störf skal grunn launaraða á sama hátt og skulu öll persónuleg viðbótarlaun samkvæmt kjarasamningum rökstyðjast með staðfestum gögnum. Komi ómálefnalegur launamunur í ljós skal bregðast við í samræmi við jafnlaunamarkmið innan skilgreinds tímaramma með það að leiðarljósi að jafna stöðu starfsmanna óháð kyni. Dalabyggð skal fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og reglugerð 1030/2017.

Sveitarstjóri ásamt forsvarsmönnum deilda og stofnana innan Dalabyggðar bera ábyrgð á innleiðingu jafnlaunastefnu sveitarfélagsins og hefur skrifstofustjóri þá ábyrgð að framfylgja stefnunni.


Jafnlaunastefnunni er ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir. Með því er átt við þá stefnu að greiða starfsmönnum jöfn laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf samkvæmt skilyrðum jafnréttis laga, ásamt öllum öðrum lögum og reglum sem tryggja að fyllsta jafnræðis sé gætt við launaákvæðanir.

Jafnlaunakerfi Dalabyggðar er ætlað að tryggja framkvæmd á jöfnum launum fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

Jafnlaunakerfi Dalabyggðar skal ávallt standast allar lagalegar kröfur ásamt kröfum jafnlaunastaðals ÍST-85:2012 með stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum. Jafnlaunastefna og jafnlaunakerfi skal endurskoðast árlega, stefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins og vistuð í skjalageymslu. Jafnlaunastefnu skal kynna starfsmönnum árlega ásamt niðurstöðum launagreininga og breytingum sem gerðar eru.

Samþykkt á 55. fundi félagsmálanefndar Dalabyggðar 25.mars 2020.

Staðfest á 190. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 2.apríl 2020.


Kristján Sturluson, sveitarstjóri

